

SAMTENGÐ RAFRÆN SJÚKRASKRÁ

Yfirlýsing vegna banns um miðlun sjúkraskráupplýsinga

- A. Ég undirrituð/-aður: _____ kt. _____ lýsi því hér með yfir, í samræmi við 19. gr. laga um sjúkraskrár nr. 55/2009, að ég banna miðlun sjúkraskráupplýsinga um mig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.
- B. Ég geri mér grein fyrir eftirfarandi:
- Að bannið nær til allrar miðlunar með samtengingum á öllum rafrænum sjúkraskráupplýsingum um mig frá öllum stofnunum sem vista um mig rafrænar sjúkraskráupplýsingar.
 - Að bannið nær ekki til rafrænna samskipta með mínar sjúkraskráupplýsingar, s.s. til rafrænnar sendingar á læknabréfum, rannsóknarniðurstöðum, tilvísunum o.fl.
 - Að meðferð mín á stofnunum sem ekki hafa aðgang að sjúkraskráupplýsingum mínum annars staðar frá getur verið ómarkvissari en ella þar sem ekki er hægt að afla heildstæðra upplýsinga um mig.
 - Að bannið getur jafngilt, eftir atvikum, að meðferð hafi verið hafnað, sbr. lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.
 - Að bannið nær ekki til aðgangs lækna að lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis.
 - Að bannið nær ekki til aðgangs að bólusetningagagnagrunni sóttvarnalæknis.
 - Að upplýsingar um bann mitt við samtengingum verður skráð í sjúkraskrá mína.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Staðfesting heilbrigðisstarfsmanns

Ég undirritaður heilbrigðisstarfsmaður staðfesti hér með bann ofangreinds einstaklings við miðlun sjúkraskráupplýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og að útskýrt hefur verið fyrir viðkomandi hvaða afleiðingar bannið getur haft. Upplýsingar um yfirlýsinguna hafa verið skráðar í sjúkraskrá viðkomandi.

Nafn: _____

kt. _____

Staður og dagsetning

Undirskrift

Vottur að undirskrift

Yfirlýsinguna skal senda til Embættis landlæknis, sem tryggir að ofangreindu banni við miðlun sjúkraskráupplýsinga með samtengingu rafrænnar sjúkraskrár sé framfylgt.